

Fimmtudaginn 1. febrúar 1996.

Nr. 226/1994.

**Hildiberg hf.**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

**Ragnheiði Óskarsdóttur og**

**Erlu V. Helgadóttur**

(Steingrímur Þormóðsson hdl.)

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Fyrning.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. maí 1994. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdar til að greiða óskipt 1.607.404 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 5. febrúar 1989 til greiðsludags að frá dreginni 250.000 króna greiðslu inn á skuldina 30. september 1992. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er rakið, að tvö skuldabréf, sem áfrýjandi reisir kröfur sínar á, hafi að geyma heimild fyrir kröfuhafa til að fella alla skuldina fyrirvaralaust í gjalddaga og án sérstakrar uppsagnar 15 dögum eftir vanskil skuldara. Fyrsti gjalddagi samkvæmt skuldabréfunum var 5. febrúar 1989. Í máli þessu halda stefndu fram, að fyrningarfrestur á allri skuldinni hafi byrjað að líða á þeim gjalddaga, en leggja verði til grundvallar, að upphaflegur kröfueigandi hafi nýtt sér umrædda heimild í skuldabréfunum þegar eftir fyrsta gjalddagann vegna vanskila skuldara bréfanna, Huldar hf. Áfrýjandi heldur hins vegar fram, að fyrningarfrestur hafi fyrst byrjað að líða 24. maí 1993, er kröfueigandi sendi stefndu innheimtubréf, sem fól í sér, að hann hygðist notfæra sér rétt sinn til að ganga að þeim á grundvelli sjálfskuldarábyrgðar þeirra.

Í stefnu til héraðsdóms segir: „Ekkert var greitt af bréfinu (sic) og það því gjaldfellt 5. 2. '89.“ Áfrýjandi hefur jafnframt hagað kröfugerð sinni í málinu svo, að krafist er dráttarvaxta af öllum

höfuðstól skuldarinnar að við bættum þegar áföllnum samningsvöxtum frá 5. febrúar 1989 til greiðsludags. Enn fremur liggur fyrir í málinu kvittun 30. september 1992, er upphaflegur kröfuhafi gaf Jóni Guðna Kristinssyni, sem ásamt stefndu gekk í sjálfskuldarábyrgð fyrir skuldinni. Þar segir, að Jón Guðni hafi „greitt inn á tvö gjaldfelld skuldabréf, út gefin af Huld hf.“.

Að virtum þessum málatilbúnaði áfrýjanda og orðalagi í kvittun upphaflegs kröfueiganda verður fyrningarfrestur skuldarinnar talinn hafa byrjað að líða gagnvart stefndu 5. febrúar 1989. Skuldin var því öll fyrnd, er stefna var birt stefndu 11. júní 1993, sbr. 2. mgr. 5. gr. og 4. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda, enda hafa ekki verið í ljós leidd atvik, er rofið geti fyrningu gagnvart stefndu. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur.

Dæma verður áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar, svo sem í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hildiberg hf., greiði stefndu, Ragnheiði Óskarsdóttur og Erlu V. Helgadóttur, hvorri um sig, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar 1994.**

1. Ár 1994, föstudaginn 18. febrúar, er í Héraðsdómi Reykjavíkur af Sigurði Halli Stefánssyni héraðsdómara kveðinn upp dómur í máli nr. E-5850/1993.

Mál þetta, sem var dómtekið 31. f. m., var höfðað með birtingu stefnu 25. 6. 1993.

Stefnandi er Hildiberg hf., kt. 531273-0369, Hofsvallagötu 1, 101 Reykjavík.

Stefndu eru Ragnheiður Óskarsdóttir, kt. 140257-7619, Grensásvegi 48, Reykjavík, og Erla V. Helgadóttir, kt. 110928-2039, sama stað.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdar til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.607.404 kr., ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 5. 2. 1989 til greiðsludags,

að frá dreginni greiðslu, 250.000 kr., inn á skuldina 30. 9. 1992. Leggist dráttarvextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 5. 2. 1990. Þá er krafist málskostnaðar að með töldum virðisaukaskatti.

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati réttarins.

2. Stefnandi styður kröfu sína tveimur skuldabréfum með lánskjaravísitölu og sjálfskuldarábyrgð, sem liggja frammi í málinu. Fjárhæðir þeirra eru 802.331 kr. og 750.000 kr., en að öðru leyti eru þau samhljóða. Skuldari samkvæmt þeim er Huld hf. og kröfuhafi Herluf Clausen jr. & Co., en á þau eru rituð framsöl til stefnanda málsins. Vextir skyldu reiknaðir frá útgáfudegi, 29. 11. 1988, lánstími  $2\frac{1}{2}$  ár og gjalddagi 5. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 5. 2. 1989. Stefnndu tókust á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfunum ásamt Jóni Guðna Kristinssyni, kt. 060158-7119, sem greiddi Herluf Clausen 30. 9. 1992 250.000 kr. inn á skuldina „tvö gjaldfelld skuldabréf“, sbr. fram lagða kvittun. Samkvæmt því, er greinir í stefnu, var ekki greitt af bréfinu og það því gjaldfellt 5. 2. 1989. Fjárhæð dómkröfu er þannig fundin, að sammingsvöxtum, að fjárhæð 24.327 kr., fyrir tímabilið 29. 11. 1988 – 5. 2. 1989 er bætt við höfuðstól bréfanna, 1.552.23 (?) kr., en til frádráttar koma síðan 250.000 krónur.

Af ákvæðum skuldabréfanna verða eftirfarandi tilgreind: 5. tl.: „Verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta á réttum gjalddögum, skal greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilaskuldinni. Jafnframt er kröfuhafa heimilt, ef vanskil eru veruleg, en með verulegum vanskilum er átt við 15 daga vanskil eða lengri, að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án sérstakrar uppsagnar. „11. tl.: „Sjálfskuldarábyrgðin gildir jafnt, þótt greiðslufrestur verði veittur á láninu einu sinni eða oftar, uns skuldin er að fullu greidd. Öll önnur ákvæði skuldabréfs þessa gilda gagnvart sjálfskuldarábyrgðaraðilum.“

3. Stefnndu reisa sýknukröfu sína á því, að ábyrgðarkrafan á hendur þeim sé fyrnd. Skuldabréfin hafi verið gjaldfelld 5. 2. 1989, og 6. febrúar 1993 hafi krafan þegar verið fyrnd. Að auki er um Erlu V. Helgadóttur vísað til ógildingarreglna samningaréttarins, þar sem hún hafi eigi við undirritun skuldabréfanna verið í andlegu jafnvægi og ástandi til að gera sér grein fyrir þýðingu þeirra. Þeirri málsástæðu til stuðnings var lagt fram vottorð læknis á geðdeild Borgarspítala um langvarandi þunglyndissjúkdóm Erlu, áfengis- og lyfjamisnotkun.

4. Kröfur samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum fyrnast á 4 árum samkvæmt 4. tl. 3. gr. fyrningarlagi nr. 14/1905. Upphafsdagur fyrningarfrests kröfu á hendur stefndu var 21. febrúar 1989, sbr. tilvitnuð ákvæði skulda-

bréfanna og 5. gr. fyrningarlaga. Ekki eru leidd í ljós atvik, sem hafi varnað fyrningu gagnvart þeim, en greiðsla Jóns Guðna Kristinssonar 30. 9. 1992 fól eigi í sér viðurkenningu þeirra á skuldinni, sem rift hafi fyrningu skv. 6. gr. fyrningarlaga.

Samkvæmt framanrituðu er kröfuréttur stefnanda á hendur stefndu fyrndur, og ber því að sýkna þær af öllum kröfum hans. Dæma ber stefnanda til að greiða stefndu óskipt málskostnað, 150.000 krónur, að með töldum virðisaukaskatti.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Ragnheiður Óskarsdóttir og Erla V. Helgadóttir, eru sýknaðar af kröfum stefnanda, Hildibergs hf.

Stefnandi greiði stefndu óskipt málskostnað, 150.000 krónur.

---